

Verklag við breiðkanir vega

Ágrip

Fjallað verður um hvernig vinna á breiðkun vega sem hönnuð hefur verið skv. leiðbeiningum í ritinu "Hönnun breiðkana" og öðrum aðferðum við hönnun vega þannig að árangur verði eins og að er stefnt ásamt að umferðaröryggi verði sem mest.

Mikilvægt er að vanda undirbúning og áætlanir við breiðkun vega. Fara þarf í gegnum verkið á sama hátt og um nýbyggingu sé að ræða. Verkefni verði hönnuð og skilgreind skv. hönnunarreglum Vegagerðarinnar, þar meðtalið endurbætur á öryggissvæði vegar og vegbúnaði. Skilgreina þarf lagnir, skurði, vegrásir, ræsi, brýr, girðingar, ritstarhlið, vegtengingar og reiðvegi. Afla þarf tilskyldra leyfa og ganga frá samningum við hagsmunaaðila.

Gerð er grein fyrir verklagi við breiðkun vega, þ.e. hreinsun á lífrænum jarðvegi í fláum vega fyrir breiðkun, hvernig byggja á og ganga frá fyllingu, fláafleygum, styrktarlag og burðarlag.

Tekið er fyrir mismunandi verklag við breiðkun eftir hæð vega yfir landi, hvort breiðkun sé á deiglendi eða föstu landi og hversu breið breiðkunin á að vera. Gerð er einnig grein fyrir þeim tækjakosti sem talinn er heppilegastur til að tryggja sem bestan árangur við breiðkunina og umferðaröryggi verði sem best við framkvæmdina.